



Reykjavík 19. ágúst 2024

Ungir leiðtogar af erlendum uppruna

Til kennara nemenda á aldrinum 13-16 ára í Reykjavík. Ungir leiðtogar er verkefni sem hlaut styrk frá Evrópuráðinu (Intercultural Cities). Verkefnið miðar að því að auka inngildinguna og þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í samfélagslegri umræðu og kemur til með að veita átta krökkum af erlendum uppruna tækifæri til að læra um mannréttindi og lýðræði, öðlast nýja færni og sjálfstraust og fá tækifæri í að koma skoðunum sínum að á framfæri.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkur er áhersla lögð á að framlag hvers og eins skuli metið að verðleikum. Þá skal Reykjavíkurborg stuðla markvisst að aukinni þátttöku fólks af erlendum uppruna málefnum borgarinnar, og í stjórnnum, ráðum og nefndum.

Átta ungmenni á aldrinum 13-16 ára verða valin til þátttöku í verkefnið. Hópurinn kemur til með að hittast vikulega með verkefnastjóra frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar í 1-2 klst. í senn á meðan að á verkefninu stendur eða frá miðjum september þar til í lok nóvember 2024.

Námsferð til Póllands

Í nóvember munu ungmennin ferðast saman ásamt tveimur verkefnastjórum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til Wrocław í Póllandi og hitta þar önnur ungmenni sem einnig eru af erlendum uppruna og eru hluti af samskonar hóp í sinni borg. Þar munu ungmennin hljóta fræðslu og mynda tengslanet.

Ferðin er áætluð í byrjun nóvember 2024.

Við vonumst til að áhugi verði meðal kennara að auglýsa verkefnið á meðal sinna nemenda af erlendum uppruna. Við óskum eftir góðu samstarfi við kennara við að deila verkefninu og að hvetja nemendur að sækja um.

Hægt er að sækja um með því að senda tölvupóst til gudrun.elsa.tryggvadottir@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2024.

Nánari upplýsingar: <https://reykjavik.is/ungir-leidtogar>

Með von um góðar undirtektir og gott samstarf,
fh. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar
Guðrún Elsa Tryggvadóttir
lögfræðingur
gudrun.elsa.tryggvadottir@reykjavik.is